

Alþingi
Erindi nr. P 139/420
komudagur 25.11.2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 25. nóvember 2010.

Umsögn skilanefndar Landsbanka Íslands hf. („LBI“) um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, með síðari breytingum, lögum um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins og lögum um umboðsmann skuldara. Þskj. 225 – 206. mál.


LBI fékk framangreint frumvarp til umsagnar. Með frumvarpinu er að því stefnt að skýra réttaróvissu í kjölfar nýlegra dómsúrlausna um lögmati gengistryggðra lána. Frumvarpið virðist hins vegar leiða til þess að færðar verði niður skuldir sem eða teldust lögmatar. Kemur það enda skýrt fram í umsögn fjármálaráðuneytisins með frumvarpinu þar sem segir:


„Í frumvarpinu kemur m.a. fram að fjölmörg dæmi séu um að þeir sem fóru inn í bankana í nákvæmlega sömu erindagjörðum og fengu í raun alveg sömu skilmála eigi á hættu að vera flokkaðir annars vegar með gild erlend lán og hins vegar með ógilda gengistryggingu. Er því í frumvarpinu gert ráð fyrir að í flokk ógilda gengistryggðra lána verði jafnframt felld lán sem hugsanlega gætu talist gild erlend lán. Ljóst er að þetta ákvæði kann í einhverjum tilvikum að leiða til lakari réttarstöðu kröfuhafa. Um þetta atriði kann því að ríkja nokkur óvissa og þá sérstaklega hvort af þessu kúmi að hljótast skaðabótaskylda á hendur ríkissjóði.“


LBI gætir hagsmuna þeirra aðila sem lýstu kröfum í bú félagsins og munu skipta með sér eignum þess þegar slitameðferð lýkur. Umræddir kröfuhafar njóta stjórnarskrárvarinnar eignarréttarverndar. Það er mat LBI að frumvarpið kúmi að brjóta gegn þeim réttindum kröfuhafanna. Reynist það raunin og verði LBI fyrir tjóni af þeim sökum áskilur LBI sér rétt til þess að krefjast bóta úr hendi ríkisins sem fjártjóninu nemur.

Þá er rétt að áréttta að samkvæmt samningi sem LBI, NBI hf. og fjármálaráðuneytið undirrituðu í desember 2009 ber NBI hf. að greiða LBI bætur vegna tjóns sem hlýst af reglum sem ríkið setur, ef þær leiða til þess að rýrnun verði á verðmæti þeirra eigna sem fluttar voru frá LBI til NBI hf. í kjölfar bankahrunsins. Stofnist slíkur bótaréttur verður fjárhæð bótanna bætt við höfuðstól skuldabréfs sem NBI hf. mun gefa út til LBI árið 2013 í tengslum við uppgjör krafna milli bankanna. Verði frumvarpið að lögum mun LBI taka til skoðunar að krefja NBI hf. um bætur á þessum grundvelli.

Virðingarfyllst,
f.h.Landsbanka Íslands hf.


Lárentínus Kristjánsson


Einar Jónsson


Arsaell Hafsteinsson

Landsbanki Íslands hf.
Resolution Committee | Skilanefnd